

Nd.

309. Frumvarp til laga

[160. mál]

um umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1969 greiða ríkissjóði 60% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 60% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur hverju nafni sem nefnast fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi, svo sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt er úr gildi felld 12. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Áður en fjárlög ársins 1969 voru afgreidd frá alþingi varð ljóst, að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja hallalausan rekstur ríkisbúskaparins á því ári. Einn liður í þeim ráðstöfunum var að gera ráð fyrir aukinni hlutdeild ríkissjóðs í tekjum af umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Þessi tekjustofn var fyrst á lagður með lögum nr. 86/1956 um útflutningssjóð o. fl., en gildandi ákvæði eru í lögum nr. 4/1960 um efnahagsmál. Samkvæmt þeim renna 50% tekna af þessum stofnum til ríkisins og 50% til viðkomandi gjaldeyrisbanka. Árið 1960 námu tekjur til hvors aðila 14 millj. kr., en áætlaðar tekjur árið 1968 eru 35.5 millj. kr., og nemur aukningin á þessu átta ára tímabili því 153.6%. Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um raunverulegan kostnað gjaldeyrisbankanna við að veita þessa þjónustu, en geta má þess, að með óbreyttri hlutdeildarskiptingu hefðu tekjur bankanna aukizt um allt að 10 millj. kr. á árinu 1969 vegna gengisbreytingarinnar í nóvember sl., og er þá byggt á áætlun um umfang gjaldeyrisviðskipta á því ári. Með frumvarpi þessu er lagt til, að hlutdeild ríkisins verði 60% og bankanna 40%, en miðað við framangreinda áætlun um vöxt gjaldeyrisviðskipta á árinu 1969 í krónum talið fengju bankarnir í sinn hlut 36.7 millj. kr., sem er 1.2 millj. kr. aukning frá árinu áður, eða 3.4%. Þar sem ekki var gert ráð fyrir sérstökum kauphækkunum í sambandi við gengisbreytinguna og álagning þannig ákveðin, að gengisbreytingin bætti ekki hagsmuni verzlunarinnar, er eðlilegt, að hliðstæð regla gildi um gjaldeyrisviðskipti bankanna. Áðurnefnd 3.4% hækkun á tekjum bankanna af gjaldeyrisviðskiptum ætti að nægja til þess að standa undir þeim kostnaðarliðum, sem þegar hafa hækkað, svo sem síma- og skeytakostnaði.